



11. júlí 2024
Tilv.: 2310114

Dreifibréf nr. 23/2024

Til: Fjármálafyrirtækja, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að sinna verkefnum sem falla undir lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.
Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi kröfur til starfskjara á mörkuðum fyrir fjármálagerninga (MiFID II).

Seðlabanki Íslands hefur tekið upp viðmiðunarreglur¹ um tiltekin atriði varðandi kröfur til starfskjara á grundvelli tilskipunar 2014/65/ESB (MiFID II²) sem innleidd er í lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 (hér eftir „mffl“). Viðmiðunarreglurnar eru gefnar út af Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (ESMA). Viðmiðunarreglurnar beinast að eftirlitsyfirvöldum, fjármálafyrirtækjum sem sinna verkefnum skv. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem hafa heimild til að sinna verkefnum skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 116/2021 og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að sinna verkefnum skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020. Í dreifibréfi þessu verður vísað til félags sem samheitis þeirra aðila sem viðmiðunarreglurnar ná til. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að samræmdri túlkun og eftirlitsaðgerðum varðandi reglur um starfskjarastefnu, hagsmunaárekstra og viðskiptahætti í tengslum við starfskjör félaganna.

Viðmiðunarreglurnar varða starfskjarastefnu (föst starfskjör og breytileg starfskjör, þ.e. kaupauka) og starfskjaraf framkvæmd, hagsmunaárekstra og viðskiptahætti í tengslum við starfskjör. Fjallað er um starfskjarastefnu verðbréfafyrirtækja í 10. mgr. 24. gr. MiFID II sem innleidd var með 37. gr. mffl og 27. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565. Einnig er fjallað um stjórnarhætti að því er varðar starfskjarastefnu í 3. mgr. 9. gr. MiFID II en það ákvæði var innleitt í íslenskan rétt með 4. mgr. 10. gr. mffl. Fjallað er um hagsmunaárekstra í 3. mgr. 16. gr. og 23. gr. MiFID II og 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565. Þau ákvæði voru innleidd í íslenskan rétt með 2. mgr. 21. gr. og 32. gr. mffl. Þá er fjallað um viðskiptahætti í tengslum við starfskjör í 1. mgr. og 10. mgr. 24. gr. MiFID II en þau ákvæði voru innleidd í íslenskan rétt með 1. mgr. 33. gr. og 37. gr. mffl.

Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. mffl. skal verðbréfafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum fjárfestingaþjónustu sjá til þess að það hvorki umbuni starfsmönnum sínum né meti frammistöðu þeirra þannig að það stangist á við skyldu þess að starfa með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Þá er kveðið á um í sömu málsgrein að kaupaukakerfi skuli ekki búa til hvata fyrir starfsmenn til að mæla með tilteknum fjármálagerningum þegar aðrir myndu henta þörfum almenns fjárfestis betur. Samkvæmt 2. mgr. skal að öðru leyti fara með kaupaukakerfi og starfslokasamninga skv. 57. gr. a. og 57. gr. b. (núgildandi 57. gr. b. og 57. gr. d.)³ í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá segir í 3. mgr. 37. gr.

¹ Guidelines on certain aspects of the MiFID II remuneration requirements; [ESMA35-43-3565](#)

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II)

³ Sjá nánar í 81. gr. breytingarlaga nr. 38/2022

mffl. að nánar sé kveðið á um reglur um kaupaukakerfi og starfslokasamninga í fyrrgreindri reglugerð (ESB) 2017/565.

Viðmiðunarreglunum er skipt upp í þrjá hluta, ásamt tveimur viðaukum. Í fyrsta hluta eru kröfur til uppbyggingar starfskjarastefnu og framkvæmd þeirra nánar útfærð, m.a. m.t.t. breytilegra starfskjara. Einnig er fjallað með nokkuð ítarlegum hætti um hvernig félag samræmir hagsmuni þess og viðkomandi aðila, sbr. skilgreiningu í 1. tl. 2. gr. framseldrar reglugerðar ESB 2017/565, við hagsmuni viðskiptavina sinna. Í öðrum hluta eru kröfur um stjórnarhætti í tengslum við starfskjör nánar útfærðar. Þar er m.a. fjallað um hvernig skal haldið utan um starfskjarastefnur af stjórnendum félagsins og um endurskoðun starfskjarastefnu og skráningu gagna sem til verða við gerð starfskjarastefnu og tengjast henni á annan hátt og að félög ættu að koma á fót samskiptaleið sem farið er eftir þegar atvik koma upp sem geta falið í sér brot gegn reglum um starfskjör. Í þriðja hluta eru kröfur um hvernig skal meðhöndla áhættu sem stafað getur af starfskjarastefnu og framkvæmd hennar útfærðar nánar. Fjallað er með nokkrum ítarlegum hætti um hvernig félag skuli koma á fót kerfi sem ætlað er að meta fylgni við starfskjarastefnu þess og hvort hún sé til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að baki stefnunni liggja. Í viðauka I við viðmiðunarreglurnar eru sett fram dæmi um hagsmunaárekstra sem geta komið upp í tengslum við starfskjarastefnur sem getur verið torvelt að stýra. Í viðauka II við viðmiðunarreglurnar er að finna samanburðartöflu fyrir þessar viðmiðunarreglur og eldri viðmiðunarreglur um sambærilegt efni (Guidelines on remuneration policies and practices; ESMA/2013/606).

Eins og greinir að ofan er fjallað um starfskjarastefnu og starfskjör í mffl., framseldri reglugerð ESB 2017/565 auk ákvæða laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er varða kaupauka og starfslokasamninga. Innlent lagaumhverfi hefur þannig að geyma þrengri skilyrði til greiðslu kaupauka en almennt gildir í ESB. Til að mynda er kveðið á um í 5. tl. 1. mgr. 57. gr. b. laga nr. 161/2002, að kaupaukar séu í viðeigandi hlutfalli við föst starfskjör og fari aldrei umfram 25% af föstum starfskjörum, sbr. einnig 2. mgr. 37. gr. mffl. Að auki eru nokkrir liðir viðmiðunarreglnanna sem eiga ekki við héraendis vegna takmarkana í lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. eftirfarandi:

- Í liðum 34-36 er vikið að starfskjörum, þ.m.t. breytilegum starfskjörum, starfsmanna í eftirlitseiningum. Samkvæmt 5. mgr. 57. gr. b. laga nr. 161/2002, sbr. 2. mgr. 37. gr. mffl., er með öllu óheimilt að veita kaupauka til starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu.
- Fjallað er um starfskjör, þ.m.t. breytileg starfskjör, stjórnar og stjórnenda í 37. lið viðmiðunarreglnanna auk þess sem kaupaukar til stjórnarmanna eru notaðir í dæmaskyni í 40. lið þeirra. Samkvæmt 5. mgr. 57. gr. b. laga nr. 161/2002, sbr. 2. mgr. 37. gr. mffl., er óheimilt að greiða stjórnarmönnum kaupauka.

Þrátt fyrir framangreint, þ.e. þrengri heimildir til greiðslu kaupauka samkvæmt mffl., eiga viðmiðunarreglurnar við um öll önnur atriði er varðar starfskjarastefnur og greiðslu kaupauka almennt.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitakerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri,

skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til fjármálafyrirtækja, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að sinna verkefnum sem falla undir lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, að að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir
forstöðumaður
Varúðareftirlit

